

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 142/2001**

**frá 11. desember 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2001 frá 23. nóvember 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/497/EB frá 18. júlí 2000 um breytingu á ákvörðun 97/778/EB og til að uppfæra skrá um skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/501/EB frá 25. júlí 2000 um breytingu á ákvörðun 97/778/EB og til að uppfæra skrá um skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/571/EB frá 8. september 2000 um aðferðir við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem senda á til tollfrjálsra svæða, tollfrjálsra vörugeymslna, tollvörugeymslna eða rekstraraðila sem bjóða upp á flutninga á sjó yfir landamæri<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/583/EB frá 27. september 2000 um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/622/EB frá 29. september 2000 um breytingu á ákvörðun 97/778/EB og til að uppfæra skrá um skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit<sup>(6)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 41.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 61.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 240, 23.9.2000, bls. 14.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 246, 30.9.2000, bls. 67.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 260, 14.10.2000, bls. 51.

7) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB):

„- **32000 D 0583:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/583/EB frá 27. september 2000 (Stjtið. EB L 246, 30.9.2000, bls. 67).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/778/EB):

„- **32000 D 0497:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/497/EB frá 18. júlí 2000 (Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 41),

- **32000 D 0501:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/501/EB frá 25. júlí 2000 (Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 61),

- **32000 D 0622:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/622/EB frá 29. september 2000 (Stjtið. EB L 260, 14.10.2000, bls. 51).“

3. Eftirfarandi liður komi aftan við 105. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/598/EB):

„106. **32000 D 0571:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/571/EB frá 8. september 2000 um aðferðir við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem senda á til tollfrjálsra svæða, tollfrjálsra vörugeymslna, tollvörugeymslna eða rekstraraðila sem bjóða upp á flutninga á sjó yfir landamæri (Stjtið. EB L 240, 23.9.2000, bls. 14).

Þessi gerð gildir einnig um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangsorðunum fjalla um.“

*2. gr.*

Texti ákvarðana 2000/497/EB, 2000/501/EB, 2000/571/EB, 2000/583/EB og 2000/622/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*B. Grydeland*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.